



Láναςjóður sveitarfélaga ohf.

Samandreginn árshlutareikningur 30. júní 2019

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	2
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	3
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	4
Efnahagsreikningur	5
Eiginfjáryfirlit	6
Sjóðstremisýfirlit	7
Skýringar	8-26

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er lánaafyrirtæki, sem starfar eftir hlutfélagalögum nr. 2/1995, lögum um fjármálaafyrirtæki nr. 161/2002, lögum um sjóðinn nr. 150/2006 og er undir eftirliti Fjármálaeftirlits. Meginhlutverk Lánasjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Útlán sjóðsins takmarkast við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu. Hjá Lánasjóðnum starfa þrír starfsmenn líkt og verið hefur frá árinu 2009.

Afkoma og efnahagur

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður tímabilsins 480 milljónum króna samanborið við 310 milljónir króna á sama tíma árið 2018.

Heildareignir sjóðsins í lok tímabilsins voru 114.768 milljónir króna á móti 105.408 milljónum króna í árslok 2018. Útlán sjóðsins námu 108.218 milljónum króna í lok tímabilsins samanborið við 99.051 í árslok 2018. Þá nam eigið fé 17.964 milljónum króna á móti 17.912 milljónum króna í árslok 2018 og hefur hækkað um 0,3% á tímabilinu. Greiddur var arður vegna 2018 á tímabilinu að fjárhæð 428 milljónir króna. Vegið eiginfjárlutfall samkvæmt lögum um fjármálaafyrirtæki er 71% en var 77% í árslok 2018.

Hluthafar sjóðsins eru 72. Lánasjóðurinn er í eigu allra sveitarfélaga landsins. Reykjavíkurborg er eini hluthafinn sem á meira en 10% í sjóðnum með 17,5% hlut en samtals eiga 10 stærstu hluthafar sjóðsins 56%. Sundurliðun hluthafa sjóðsins má finna í skýringu 27.

Stjórnunarhættir


Í samræmi við 54. gr. laga um fjármálaafyrirtæki ber stjórn Lánasjóðsins ábyrgð á að stjórnarhættir og innra skipulag stuðli að skilvirkum rekstri, aðskilnaði og komi í veg fyrir hagsmunaárekstra. Stjórn Lánasjóðsins hefur tileinkað sér góða stjórnunarhætti og fylgir "Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja" sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins gáfu út árið 2015. Það er hlutverk stjórnar að gæta þess að sjóðurinn sé rekinn í samræmi við lög og reglur sem um hann gilda á hverjum tíma. Megin hlutverk sjóðsins er að útvega sveitarfélögum lánsfjármagn á sem hagstæðustu kjörum.


Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er árshlutareikningur sjóðsins saminn í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og ákvæði ársreikningalaga nr. 3/2006 og gefur hann að mati stjórnar og framkvæmdastjóra glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu 30. júní 2019 og rekstrarafkomu sjóðsins vegna fyrstu sex mánaði ársins 2019.

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með samandreginn árshlutareikning sjóðsins fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2019 með undirritun sinni.


Reykjavík, 27. ágúst 2019


Arna Lára Jónsdóttir


Kristinn Jónasson
stjórnarformaður


Helga Benediktsdóttir


Elliði Vignisson


Óttar Guðjónsson
framkvæmdastjóri

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2019. Samandreginn árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning og yfirlit um heildaraðkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu samandregna árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í þeirri ályktun sem af könnun okkar leiðir.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á samandregnum árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn árshlutareikningur sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 27. ágúst 2019

PricewaterhouseCoopers ehf.



Arna G. Tryggvadóttir
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 30. júní 2019

		2019	2018
	Skýr.	1.1.-30.06.	1.1.-30.06.
Hreinar vaxtatekjur			
Vaxtatekjur og verðbætur		3.412.468.021	2.660.110.731
Vaxtagjöld og verðbætur		(2.867.823.669)	(2.233.401.915)
Hreinar vaxtatekjur samtals	5	<u>544.644.352</u>	<u>426.708.816</u>
Aðrar rekstrartekjur			
Hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindum á gangvirði	6	7.450.769	3.539.221
Hreinn gjaldeyrismunur	7	34.161.838	(17.324.316)
Niðurfærsla útlána skv. IFRS 9	14	(1.983.586)	(3.987.127)
Aðrar rekstrartekjur samtals		<u>39.629.021</u>	<u>(17.772.222)</u>
Hreinar rekstrartekjur		584.273.373	408.936.594
Almennur rekstrarkostnaður			
Laun og launatengd gjöld	8	39.249.457	39.016.662
Kostnaður vegna verðbréfaútgáfu	9	27.173.248	23.835.092
Árgjöld og eftirlitsgjöld FME		6.236.000	6.066.000
Annar rekstrarkostnaður	10	30.784.378	29.386.725
Afskriftir	17	<u>597.814</u>	<u>597.814</u>
Almennur rekstrarkostnaður samtals		<u>104.040.897</u>	<u>98.902.293</u>
Hagnaður og heildarafkoma tímabilsins		<u><u>480.232.476</u></u>	<u><u>310.034.301</u></u>
Hagnaður á hlut			
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut	11	0,10	0,06

Efnahagsreikningur 30. júní 2019

	Skýr.	30.6.2019	31.12.2018
Eignir			
Föst bindiskylda í Seðlabanka	12	148.827.345	134.053.425
Innstæður í Seðlabanka	12	5.864.111.603	5.909.586.101
Kröfur á lánastofnanir	13	289.720.147	270.592.249
Útlán og kröfur	14	108.067.155.844	99.050.833.829
Skammtímaútlán	15	151.142.361	0
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	16,18	205.631.162	0
Rekstrarfjármunir	17	41.249.146	41.846.960
Aðrar eignir		283.752	745.427
Eignir samtals		<u>114.768.121.360</u>	<u>105.407.657.991</u>
Skuldir			
Verðbréfaútgáfa	19	93.719.166.411	84.535.950.838
Aðrar langtímalántökur	20	2.467.857.561	2.425.613.017
Skammtímalántökur	21	441.724.721	452.800.586
Lífeyrisskuldbinding	22	76.110.135	77.835.529
Aðrar skuldir	23	99.442.700	3.870.665
Skuldir samtals		<u>96.804.301.528</u>	<u>87.496.070.635</u>
Eigið fé			
Hlutfé		5.000.000.000	5.000.000.000
Lögbundinn varasjóður		1.257.121.298	1.250.000.000
Annað eigið fé		11.706.698.534	11.661.587.356
Eigið fé samtals	24	<u>17.963.819.832</u>	<u>17.911.587.356</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u>114.768.121.360</u>	<u>105.407.657.991</u>

Eiginfjáryfirlit 1. janúar til 30. júní 2019

	Hlutfé	*Bundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Breytingar á eigin fé 2019				
Eigið fé 1. janúar	5.000.000.000	1.250.000.000	11.661.587.356	17.911.587.356
Arðgreiðsla vegna ársins 2018			(428.000.000)	(428.000.000)
Hagnaður tímabilsins			480.232.476	480.232.476
Bundin óinnleyst gangvirðisbreyting		7.121.298	(7.121.298)	0
Eigið fé 30. júní	5.000.000.000	1.257.121.298	11.706.698.534	17.963.819.832
Breytingar á eigin fé 2018				
Eigið fé 1. janúar	5.000.000.000	1.250.000.000	11.208.517.778	17.458.517.778
Lagt í virðisrýrnunarsjóð skv. IFRS 9			(16.184.562)	(16.184.562)
Arðgreiðsla vegna ársins 2017			(388.000.000)	(388.000.000)
Hagnaður tímabilsins			310.034.301	310.034.301
Eigið fé 30. júní	5.000.000.000	1.250.000.000	11.114.367.517	17.364.367.517
Hagnaður júlí - desember			547.219.839	547.219.839
Eigið fé 31. desember	5.000.000.000	1.250.000.000	11.661.587.356	17.911.587.356

* Bundinn varasjóður samanstendur af lögbundnum varasjóði og bundinni óinnleystri gangvirðisbreytingu. Í júní 2016 voru samþykktar breytingar á lögum um ársreikninga sem fólu í sér nýjar kröfur um bindingu eiginfjár vegna óinnleystra gangvirðisbreytinga sem takmarka möguleika til arðgreiðslu. Sjá nánar í skýringu 24.

IFRS 9 tók gildi 1. janúar 2018 og tekur við af IAS 39. Staðallinn kveður á um ný viðmið á flokkun og mati fjáreigna og nýja aðferð við mat á virðisrýrnun sem byggir á væntu tapi. Fjárhagsleg áhrif innleiðingar IFRS 9 þann 1. janúar 2018 kom til lækkunar á upphafsstöðu eigin fjár, að fjárhæð 16.184.562 kr.

Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. júní 2019

	Skýr.	1.1.-30.6.2019	1.1.-30.6.2018
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður tímabilsins		480.232.476	310.034.301
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Hreinar vaxtatekjur teknar út		(544.644.352)	(426.708.816)
Verðbætur, gengismunur og áfallnir vextir		134.816.802	89.255.950
Afföll, lántökugjald og lántökupóknun skuldabréfa	14,19	(41.350.456)	166.859.417
Lagt í virðisrýrnunarsjóð skv. IFRS 9	14	1.983.586	3.987.127
Afskriftir	17	597.814	597.814
		<u>(448.596.606)</u>	<u>(166.008.508)</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum			
Veitt langtímalán		(11.430.113.086)	(20.650.138.088)
Innheimt langtímalán		4.194.425.398	3.931.109.927
Fjáreignir á gangvirði, (hækkun)		(198.509.864)	0
Skammtímalán veitt af sjóðnum, (hækkun)		(150.000.000)	0
Skammtímalán tekin af sjóðnum, (lækkun) / hækkun		(11.003.509)	8.370.876
Lífeyrisskuldbinding, (lækkun)	22	(1.725.394)	(1.661.599)
Aðrar eignir, lækkun		461.675	1.023.586
Aðrar skuldir, hækkun		95.572.035	277.869.019
Fengnir vextir		1.791.391.717	1.550.751.498
Greiddir vextir		<u>(1.612.126.567)</u>	<u>(1.382.273.803)</u>
		<u>(7.321.627.595)</u>	<u>(16.264.948.584)</u>
Handbært fé (til) rekstrar		(7.289.991.725)	(16.120.922.791)
Fjármögnunarhreyfingar			
Lántaka		11.261.997.244	13.309.617.982
Afborganir langtímalána		(3.538.789.432)	(3.227.151.828)
Arðgreiðsla til sveitarfélaga		<u>(428.000.000)</u>	<u>(388.000.000)</u>
		7.295.207.812	9.694.466.154
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		5.216.087	(6.426.456.637)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		(16.788.767)	3.237.328
Handbært fé í ársbyrjun		<u>6.314.231.775</u>	<u>12.096.983.686</u>
Handbært fé í lok tímabils		<u><u>6.302.659.095</u></u>	<u><u>5.673.764.377</u></u>
Sundurliðun handbærs fjár			
Föst bindiskylda í Seðlabanka		148.827.345	125.688.285
Innstæður í Seðlabanka		5.864.111.603	5.295.819.147
Kröfur á lánastofnanir		<u>289.720.147</u>	<u>252.256.945</u>
		<u><u>6.302.659.095</u></u>	<u><u>5.673.764.377</u></u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er opinbert hlutafélag í eigu íslenskra sveitarfélaga. Lánasjóðurinn er lánafyrirtæki, sem starfar eftir hlutafélagalögum og lögum um fjármálafyrirtæki og er undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Meginhlutverk Lánasjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Útlán hans takmarkast við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.

Lánasjóður sveitarfélaga er með heimilisfesti á Íslandi. Aðsetur sjóðsins er að Borgartúni 30, Reykjavík.

Lánasjóðurinn hefur gefið út skuldabréf sem tekin hafa verið til viðskipta í NASDAQ Iceland hf. og er viðskiptavakt með hluta bréfanna.

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. samþykkti samandreginn árshlutareikning sjóðsins þann 27. ágúst 2019.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34. Árshlutareikningur inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í ársreikningi og ætti því að lesa hann með hliðsjón af ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2018. Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef sjóðsins www.lanasjodur.is, sem og á vef NASDAQ Iceland hf., www.nasdaqomxnordic.com.

3. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings sjóðsins fyrir árið 2018.

Fjárhagsleg áhrif IFRS 9 á tímabilinu eru færð í gegnum rekstur og inn á virðisrýrnunarsjóð á meðal útlána í efnahag. Staða virðisrýrnunarsjóðs skv. IFRS 9 í lok tímabilsins er færð á efnahagsreikning meðal útlána og krafna. Sjá nánar skýringu 14.

Flokkun og mat

Fjáreignir ber að flokka í þrjá meginflokka - Fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði, fjáreignir metnar á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu og fjáreignir metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Flokkunin segir til um hvernig fjármálagerningar eru upphaflega færðir í bókhaldið og hvernig meta eigi þá eftir upphaflega skráningu. Endurflokka þarf fjáreignir á milli matsflokka ef markmið viðskiptalíkans viðkomandi fjáreigna breytist eftir upphaflega skráningu og ef starfsemi Lánasjóðsins breytist verulega.

Fjáreignir eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði ef markmiðið er að eiga fjáreignina til gjalddaga og innheimta samningsbundnar greiðslur sem samanstanda af afborgunum af höfuðstól og vöxtum.

Fjáreignir eru metnar á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu ef markmiðið er að eiga fjáreignina til gjalddaga og innheimta samningsbundnar greiðslur sem samanstanda af afborgunum af höfuðstól og vöxtum, auk sólu fjáreignar.

Fjáreignir metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru allar aðrar fjáreignir. Óheimilt er að endurflokka og breyta reikningshaldslegri meðferð þegar ákveðið hefur verið að beita viðkomandi flokkun.

Innleiðing IFRS 9 hafði ekki áhrif á færslu eða mat fjáreigna Lánasjóðsins. Liðurinn útlán og kröfur samanstendur af lánum til sveitarfélaga og félaga í þeirra eigu og hefur liðurinn verið flokkaður sem fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði, þar sem markmiðið er að eiga fjáreignirnar til gjalddaga og innheimta samningsbundnar greiðslur sem samanstanda af afborgunum höfuðstóls og vaxta.

3. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir (framhald)

Virðisrýrnun

Mat á væntu útlánatapi fjáreigna samkvæmt IFRS 9 horfir mun meira fram á við heldur en líkanið í IAS 39 sem metur áorðið útlánatap. IFRS 9 líkanið er tvíþætt þar sem niðurfærsla vegna vænts útlánataps (e. ECL) miðast annaðhvort við 12 mánaða vænt útlánatap eða yfir líftíma fjármálagernings en það ræðst af aukinni útlánaáhættu frá upphaflegri skráningu. IAS 39 horfði einungis til orðinna tapsviðburða á reikningsskiladegi.

Lagt er mat á líkum á vanefndum (e. PD), líkur á tapi að gefnum vanefndum (e. LGD), áhættuskuldbindingu við vanefnd (e. EAD) auk þjóðhagslegra þátta.

Virðisrýrnunarlíkan vænts útlánataps samkvæmt IFRS 9 byggir á þremur þrepum. Í samræmi við líkanið þá ber að meta niðurfærslu allra lána vegna útlánaáhættu á hverjum reikningsskiladegi. Niðurfærslan miðast annað hvort við 12 mánaða vænt útlánatap eða vænt útlánatap út líftíma.

Þrep 1 - Niðurfærsla skal metin út frá 12 mánaða væntu útlánatapi þar sem engin aukning hefur átt sér stað á útlánaáhættu frá upphaflegri skráningu. Vextir af eignum í þrepi 1 eru reiknaðir af vergu bókfærðu virði. Í þrepi 1 flokkast öll sveitarfélög sem ekki eru í greiðsluerfiðleikum.

Þrep 2 - Niðurfærsla skal metin út frá væntu útlánatapi út líftíma sökum verulegrar aukningar á útlánaáhættu frá upphaflegri skráningu. Vextir af eignum í þrepi 2 eru reiknaðir af vergu bókfærðu virði líkt og í þrepi 1. Í þrep 2 flokkast þau sveitarfélög sem eru undir ströngu eftirliti hjá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, hafa farið fram á afskrift skulda eða farið í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu.

Þrep 3 - Vanefnd hefur átt sér stað. Lán eru í vanskilum og vænt er að endurgreiðslur verði ekki í samræmi við skilmála. Niðurfærsla er metin út frá væntu útlánatapi út líftíma. Vaxtatekjur reiknast einungis af bókfærðu virði lánsins. Í þrep 3 flokkast lán hjá sveitarfélagi sem þegar hefur verið skipuð fjárhagsstjórn eða eru í verulegum vanskilum.

Öll útlán og kröfur til sveitarfélaga og félaga í þeirra eigu falla undir þrep 1 og er niðurfærslan metin út frá 12 mánaða væntu útlánatapi þar sem engin aukning hefur átt sér stað í útlánaáhættu frá upphaflegri skráningu. Lagt er mat á niðurfærsluna og hún útreiknuð í samræmi við aðferðafræði Lánasjóðsins.

IFRS 15 - Tekjur af samningum við viðskiptavini

IFRS 15 tók gildi 1. janúar 2018. IFRS 15 hefur engin veruleg áhrif á færslu tekna hjá Lánasjóðnum, þar sem tekjur félagsins samanstanda að öllu leyti af vaxtatekjum sem ekki falla undir viðmið IFRS 15.

4. Áhættustýring

Sem lánafyrirtæki stendur Lánasjóðurinn í rekstri sínum frammi fyrir ýmsum tegundum áhættu. Eitt af meginverkefnum stjórnenda hans er að meta þá áhættu, stýra henni og halda innan fyrirfram skilgreindra marka. Þættir í skilvirkri áhættustýringun eru greining helstu áhættuþátta, mæling áhættu, viðbrögð til að takmarka áhættuna og reglubundið eftirlit. Markmið áhættustýringar Lánasjóðsins er að tryggja að sjóðurinn standi af sér alla þá atburði sem hent geta í umhverfi hans.

Stjórn Lánasjóðsins setur reglur um áhættustýringu hans og ber ábyrgð á því gagnvart eigendum að þeim sé fylgt. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á áhættustýringu Lánasjóðsins gagnvart stjórninni. Lánasjóðurinn hefur fengið undanþágu frá rekstri endurskoðunardeildar samkvæmt leiðbeinandi tilmælum FME nr. 2/2011. Í þeim tilmælum er kveðið á um hvernig innri endurskoðun skuli fara fram og er aðalhlutverk innri endurskoðunar að fylgjast með starfsemi til að tryggja að reglum sé framfylgt í samræmi við samþykktir stjórnarinnar. Stjórn Lánasjóðsins gerir samning um árlega úttekt á innra eftirliti Lánasjóðsins í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins til að framfylgja ofangreindu hlutverki. Ernst & Young ehf. er innri endurskoðandi Lánasjóðsins.

Lánasjóðurinn er milligönguaðili milli íslenskra sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra annars vegar og fjármálamarkaða, innlendra sem erlendra, hins vegar. Meginmarkmið sjóðsins er að tryggja fyrrgreindum aðilum lánsfé á hagstæðum kjörum. Útlánaáhætta er því helsti áhættuþátturinn í rekstri sjóðsins, en áhættuþættir eins og lausafjáraáhætta, mótaðilaáhætta og rekstraráhætta koma einnig til í starfsemi. Markaðsáhætta er haldið í lágmarki, en hún er þó meðal annars til staðar í formi vaxtaáhættu og gjaldmiðlaáhættu.

4.1 Útlánaáhætta

Útlánaáhætta Lánasjóðsins er bundin við íslensk sveitarfélög og ríkissjóð. Lánasjóðurinn lánar eingöngu sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum. Skilyrði fyrir lánveitingu til fyrirtækja og stofnana sveitarfélaga er að þau séu alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs, sem beri ábyrgð á skuldbindingum þeirra gagnvart sjóðnum. Sveitarfélögin eru nú 72 talsins og eru 58 þeirra lántakendur hjá Lánasjóðnum, ásamt 48 félögum og byggðasamlögum í þeirra eigu. Sveitarstjórnarlögin mynda traustan ramma um starfsemi sveitarfélaganna, m.a. geta íslensk sveitarfélög ekki orðið gjaldþrota en ákvæði eru í lögnum um aðkomu ríkisvaldsins ef fjárhagslegir erfiðleikar koma upp hjá sveitarfélagi sbr. kafla VII í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011. Sveitarfélögin hafa reynst traustir greiðendur og hefur aldrei komið til afskriftar vegna lána til sveitarfélaga eða félaga í þeirra eigu frá því að Lánasjóðurinn hóf starfsemi árið 1967. Mat á útlánaáhættu hefur því aldrei leitt til virðisrýmnunar útlánasafnsins. Öll útlán og kröfur til sveitarfélaga og félaga í þeirra eigu falla undir þrep 1 við mat á niðurfærslu samkvæmt virðisrýmnunarlíkani vænts útlánataps IFRS 9.

Í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er sveitarfélögum heimilað að veita Lánasjóðnum veð í tekjum sínum sem tryggingu fyrir lánnum sem þau taka hjá sjóðnum og ábyrgðum sem það veitir. Stefna Lánasjóðsins er að krefjast slíks veðs í tekjum. Þann 30. júní 2019 eru öll langtímalán til sveitarfélaga og fyrirtækja í þeirra eigu með veð í tekjum sveitarfélaga.

Fjárhæð útlánaáhættu sem til verður með veitingu útlána kemur fram í bókfærðu virði safnsins í efnahagsreikningi. Lánasjóðurinn fer yfir allar lánsúmsóknir með tilliti til þess hvort lántaki uppfylli skilyrði til lánveitingar og ennfremur hvort verkefnið sem fjármagna á hafi almenna efnahagslega þýðingu. Ítarlegt mat er framkvæmt á umsækjendum og ábyrgðaraðilum þeirra, stöðu þeirra og þróunarmöguleikum. Öll lánamál eru lögð fyrir stjórn, annað hvort til ákvörðunar eða kynningar.

Þann 30. júní 2019 voru þrír viðskiptamenn flokkaðir sem viðskiptamaður með stóra áhættuskuldbindingu hjá Lánasjóðnum. Viðskiptamenn eru skilgreindir með stórar áhættuskuldbindingar í samræmi við reglur FME nr. 625/2013 ef heildar skuldbindingar að teknu tilliti til frádráttar fara yfir 10% af eiginfjárgrunni. Tíu stærstu lántakendurnir eru ábyrgir fyrir um 52% af heildarútlánnum sjóðsins, en var 56% í árslok 2018. Hámarksáhætta, skv. lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, á einn aðila má ekki fara upp fyrir 25% af eiginfjárgrunni sjóðsins.

4.1.1 Áhætta vegna samningsskuldbindinga

Lánasjóðurinn er í eigu íslenskra sveitarfélaga, og lánar hann eingöngu til sveitarfélaga og fyrirtækja sem eru alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs. Lánasjóðurinn hefur tryggingar fyrir lánveitingum sínum til sveitarfélaga og ábyrgðum sem þau veita, en sveitarfélögin hafa sérstaka heimild í sveitarstjórnarlögum til að veita Lánasjóðnum veð í tekjum sínum. Samningsskuldbindingar Lánasjóðsins eru því tryggðar af sveitarfélögnum og felst áhættan einkum í að sveitarfélögin sjálf lendi í greiðslustöðvun eða leiti nauðasamninga. Mótaðilaáhætta utan útlánaáhættu er takmörkuð við ríkissjóð og aðila með ábyrgð hans og ennfremur innlendar fjármálastofnanir sem hafa starfsleyfi frá FME. Mótaðilaáhætta á erlendar fjármálastofnanir er sérstaklega tekin fyrir af stjórn.

4.1.2 Mótaðilaáhætta

Framkvæmdastjóri hefur eftirlit með mótaðilaáhættu. Fylgst er reglulega með stöðu lána og vanskila. Á tímabilinu hefur ekki komið til þess að sjóðurinn beiti veðrétti sínum í tekjum sveitarfélaga en sjóðurinn hefur einu sinni þurft að beita veði sínu, en það var gert árið 2010.

Eftirfarandi tafla sýnir mestu mögulegu mótaðilaáhættu sjóðsins.

	30.6.2019	31.12.2018
Staða mótaðilaáhættu vegna liða í efnahagsreikningi er eftirfarandi í m.kr.:		
Innstæður í Seðlabanka	6.013	6.044
Kröfur á lánastofnanir	290	271
Útlán og kröfur á sveitarfélög og fyrirtæki þeirra	108.218	99.051
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	206	0
Aðrar eignir	0	1
Samtals mótaðilaáhætta	114.727	105.367

4.2 Lausafjár- og fjármögnunaráhætta

Lausafjárahætta er hættan á að Lánasjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Lánasjóðurinn hefur sett sér reglur varðandi lausafjárstöðu og fjármögnun og er þeim ætlað að tryggja og viðhalda sveigjanleika. Meginreglan er að gefa ekki bindandi lánsloforð til væntanlegra lántaka fyrr en fjármögnun þeirra lána liggur fyrir. Þá er hluta af vaxtaberandi skuldum sjóðsins haldið í ávöxtun til mjög skamms tíma til að tryggja stöðugan aðgang að lausu fé og þar með sveigjanleika. Lánasjóðurinn mælir, reiknar og fylgist með lausafjárstöðu sinni með greiningu á gjalddögum fjáreigna og fjárskulda til að geta örugglega endurgreitt allar skuldir sínar á gjalddaga. Eftirfarandi töflur sýna greiðslufæði fyrir fjáreignir og fjárskuldir miðað við samningsbundnar endurgreiðslur.

Staða 30.6.2019 í m.kr.	0-1 mánuðir	1 til 3 mánuðir	3 til 12 mánuðir	1 til 5 ár	Yfir 5 ár	Samtals
Fjáreignir						
Handbært fé	6.154	-	-	-	-	6.154
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	206	-	-	-	-	206
Útlán	343	3.154	8.916	47.367	75.881	135.661
Samtals fjáreignir	6.703	3.154	8.916	47.367	75.881	142.021
Fjárskuldir						
Verðbréfaútgáfa og aðrar lántökur	443	2.376	7.758	41.327	72.101	124.005
Samtals fjárskuldir	443	2.376	7.758	41.327	72.101	124.005
Nettó eignir - skuldir	6.260	778	1.158	6.040	3.780	18.016

Staða 31.12.2018 í m.kr.	0-1 mánuðir	1 til 3 mánuðir	3 til 12 mánuðir	1 til 5 ár	Yfir 5 ár	Samtals
Fjáreignir						
Handbært fé	6.180	-	-	-	-	6.180
Útlán	184	2.889	8.339	44.130	69.116	124.658
Samtals fjáreignir	6.364	2.889	8.339	44.130	69.116	130.838
Fjárskuldir						
Verðbréfaútgáfa og aðrar lántökur	454	2.863	6.455	38.057	64.111	111.940
Samtals fjárskuldir	454	2.863	6.455	38.057	64.111	111.940
Nettó eignir - skuldir	5.910	26	1.884	6.073	5.005	18.898

4.3 Vaxta- og verðbólguáhætta

Varðandi vaxtaáættu er stefna sjóðsins að halda jafnvægi milli eftirstöðvatíma vaxtaberandi eigna og skulda og einnig fastra og breytilegra vaxta. Útlán eru því að öllu jöfnu á sömu grunnkjörum og fjármögnun þeirra að því er varðar lánstíma, endurgreiðsluferil, vaxtakjör, vaxtagreiðsludaga og endurskoðunardaga vaxtaálags. Þá eru verðtryggð lán sem fjármögnuð eru af eigin fé með breytilegum vöxtum sem Lánasjóðurinn getur breytt einhliða.

Flokkun fjáreigna og fjárskulda sjóðsins 30.6.2019 eftir vaxtabindingartíma, í m.kr.

	0-1 ár	1-5 ár	5-10 ár	Yfir 10 ár	Samtals
Fjáreignir					
ISK verðtryggt	9.038	33.907	22.373	36.160	101.478
ISK óverðtryggt	10.119	-	-	-	10.119
EUR	2.832	-	-	-	2.832
USD	45	-	-	-	45
GBP	9	-	-	-	9
JPY	43	-	-	-	43
CHF	75	-	-	-	75
Samtals fjáreignir	22.161	33.907	22.373	36.160	114.601
Fjárskuldir					
ISK verðtryggt	7.580	29.946	19.489	36.705	93.720
ISK óverðtryggt	442	-	-	-	442
EUR	2.468	-	-	-	2.468
Samtals fjárskuldir	10.490	29.946	19.489	36.705	96.630
Nettó eignir - skuldir	11.671	3.961	2.884	(545)	17.971

Flokkun fjáreigna og fjárskulda sjóðsins 31.12.2018 eftir vaxtabindingartíma, í m.kr.

	0-1 ár	1-5 ár	5-10 ár	Yfir 10 ár	Samtals
Fjáreignir					
ISK verðtryggt	8.427	31.004	21.011	31.976	92.418
ISK óverðtryggt	9.900	-	-	-	9.900
EUR	2.769	-	-	-	2.769
USD	44	-	-	-	44
GBP	9	-	-	-	9
JPY	41	-	-	-	41
CHF	72	-	-	-	72
Samtals fjáreignir	21.262	31.004	21.011	31.976	105.253
Fjárskuldir					
ISK verðtryggt	7.033	27.442	18.126	31.935	84.536
ISK óverðtryggt	453	-	-	-	453
EUR	2.426	-	-	-	2.426
Samtals fjárskuldir	9.912	27.442	18.126	31.935	87.415
Nettó eignir - skuldir	11.350	3.562	2.885	41	17.838

4.3 Vaxta- og verðbólguáhætta (framhald)

Vaxtanæmi

Greining á nettóvaxtanæmi 30. júní 2019 miðað við meðaltalslíftíma sýnir að 1 prósentustigs hækkun á vöxtum hækkar hreinar vaxtatekjur Lánasjóðsins um 67 milljónir króna á ársgrundvelli eða 0,4% af eigin fé á móti -11 milljónir í árslok 2018. Taflan sýnir áhrif vaxtabreytingarinnar á hagnað sjóðsins skipt niður á flokka eigna og skulda miðað við binditímanálgun.

Vaxtanæmi í m.kr.	Samsíða hliðrun upp á vaxtaferli (punktar)	30.6.2019	31.12.2018
		Hagnaður eða tap	
ISK verðtryggt	100	72	(9)
ISK óverðtryggt	100	(4)	(2)
Erlendar myntir	100	(1)	0
Samtals		67	-11

Verðbólguáhætta

Þann 30. júní 2019 átti Lánasjóðurinn verðtryggðar eignir umfram verðtryggðar skuldir að fjárhæð 7.758 milljónir króna í samanburði við 7.882 milljónir króna í árslok 2018. Þetta þýðir að 1% hækkun vísitölu neysluverðs myndi auka hagnað sjóðsins um 78 milljónir króna og 1% lækkun myndi orsaka lækkun hagnaðar um 78 milljónir króna.

Áhrif verðtryggingar í m.kr.	30.6.2019	31.12.2018
Verðtryggðar eignir	101.478	92.418
Verðtryggðar skuldir	93.720	84.536
Nettó verðtryggingarstaða	7.758	7.882

4.4 Gjaldmiðlaáhætta

Stefna Lánasjóðsins varðandi gjaldmiðlaáhhættu er að gjaldeyrisjöfnuður sjóðsins taki mið af reglum Seðlabanka Íslands og skal að svo miklu leyti sem unnt er, innan þeirra reglna, vera í réttu hlutfalli við hlutfall erlendra eigna af efnahag.

Næmigreining gjaldmiðla

Næmigreining gjaldmiðlastöðu sjóðsins sýnir að 10% veiking íslensku krónunnar eykur hagnað og eigið fé sjóðsins um 54 milljónir króna eða 0,3% af eigin fé. Taflan að neðan sýnir áhrif næmigreiningar gjaldmiðlastöðu sjóðsins skipt niður á myntir og sýnir áhrifin á hagnað og eigin fé Lánasjóðsins sem orsakast af 10% veikingu íslensku krónunnar gagnvart erlendum myntum.

Næmigreining gjaldmiðla í m.kr.	Styrking/veiking gjaldmiðils gagnvart íslensku krónunni	30.6.2019	31.12.2018
		Hagnaður eða tap	
EUR	(10%)	36	34
USD	(10%)	5	4
JPY	(10%)	4	4
CHF	(10%)	8	7
GBP	(10%)	1	1
Samtals		54	50

Lánasjóðurinn notaði eftirfarandi gengi erlendra gjaldmiðla fyrir reikningstímabilið sem árs hlutareikningur þessi nær

	30.6.2019	31.12.2018	Breyting í %
EUR/ISK	142,10	133,60	6,4%
USD/ISK	124,76	116,61	7,0%
JPY/ISK	1,1594	1,0601	9,4%
CHF/ISK	128,05	118,56	8,0%
GBP/ISK	158,19	148,69	6,4%

4.4 Gjaldmiðlaáhætta (framhald)

Gjaldeyriseignir og –skuldir í m.kr. 30.6.2019

	EUR	USD	JPY	Aðrar myntir	Samtals
Fjáreignir					
Handbært fé	283	1	-	-	284
Útlán	2.549	44	43	84	2.720
Samtals fjáreignir	2.832	45	43	84	3.004
Fjárskuldir					
Lántökur	2.468	-	-	-	2.468
Samtals fjárskuldir	2.468	0	0	0	2.468
Nettó eignir - skuldir	364	45	43	84	536

